

MENNING/LISTIR

Í hlutarins eðli – Studio Granda á Kjarvalsstöðum

Einföld teikning verður að ápreifanlegum veruleika

Í HLUTARINS eðli er sýning á ljósmyndum, líkönum og tillöguverkefnum eftir Studio Granda. Þessi hópur arkitekta var stofnaður árið 1987 af Margréti Harðardóttur og Steve Christer. Bæði útskrifuðust þau frá AA-arkitektaskólunum í London árið 1984, en nemendur og kennarar þess skóla eru þekktir fyrir að fara óhefðbundnar leiðir í hönnun. Á árunum 1984–6 tóku þau þátt í þremur hönnunarsamkeppnum hér á landi án þess að hljóta verðlaun, en tillögur þeirra vöktu engu að síður athygli fyrir djarfar og nýstárlegar lausnir. Tímamót urðu á ferli þeirra árið 1987 er þau hlutu 1. sæti í samkeppni um Ráðhús Reykjavíkur, en í beinu framhaldi af því fluttust þau til Reykjavíkur og Studio Granda varð til. Árið 1989 hlaut tillaga Studio Granda 1. verðlaun í alþjóðlegri samkeppni ungra arkitekta um íbúðarhús í úthverfi Wiesbaden í Þýskalandi. Þá hlaut hópurinn 1. verðlaun í samkeppni um hús Hæstaréttar Íslands árið 1993. Fremur hljótt hefur verið um þá athygli sem verk Studio Granda hafa vakið erlendis, en nefna má að greinar um verk þeirra hafa birst í rúmlega fjórutíu erlendum fagttímaritum.

Með góðum árangri sínum í samkeppnum hefur Studio Granda náð að skipa sér í fremstu röð meðal yngstu kynslóðar íslenskra arkitekta. Meiru skiptir þó að þau hafa fengið tækifæri til að sjá hugmyndir sínar verða að veruleika í byggingum. Þetta skapar þeim einnig vissa sérstöðu innan þess hóps sem þau eiga rætur sínar í, en margir af þekktustu kennum og nemendum AA-skólans í London hafa sérhæft sig í kennslu og gerð framsækinnna hugmyndaverka án þess að hafa starfað sem arkitektar að


Í vesturforsal Kjarvalsstaða opnar í dag sýningin Í hlutarins eðli. Pétur H. Ármannsson greinir frá því að um er að ræða nýjung í starfsemi Listasafns Reykjavíkur, þar sem starfandi arkitektum og hönnuðum er boðið að sýna verk sín í sýningarrými Kjarvalsstaða á hliðstæðum forsendum og listamönnum í öðrum greinum sjónlista.

hönnun bygginga. Gott dæmi um þetta er Peter Cook, einn helsti kennari AA-skólans til margra ára og leiðtogi Archigram-hópsins á 7. áratugnum, sem skilgreint hefur fræðilega hugmyndasmíð sína á sviði byggingarlistar sem „þjónustuiðnað við veruleikann“.

Í sýningarskrá sem gefin er út í tilefni sýningarinnar á Kjarvalsstöðum er að finna yfirlit yfir helstu verk Studio Granda á því átta ára tímabili sem hópurinn hefur starfað. Auk Ráðhúss Reykjavíkur og húss Hæstaréttar Íslands er þar að finna minna þekkt verk, svo sem innkeyptar samkeppnistillögur Margrétar og Steve að skipulagi Arnarhóls, hjónagörðum við Háskóla Íslands og skrifstofubyggingu Alþingis frá árunum 1984–86. Af nýrri verkum má nefna tillögu að uppbyggingu nýs háskólahverfis fyrir Durham-háskóla á Englandi frá árinu 1994; Hús 19, sem er hugmyndaverk unnið í samvinnu við Þorvald Þorsteinsson myndlistarmann og litla viðbyggingu við verslunina Eva-Company að Laugavegi 42, sem fullgerð

var fyrir skömmu.

Þó svo tíu ár séu e.t.v. ekki langur tími á heilli starfsævi, einkum þegar svo ungt fólk á í hlut, má greina ákveðna þróun í verkum Studio Granda, þar sem reynslan af því að starfa sem arkitektar á Íslandi og kljást við flókin tæknileg úrlausnatriði á byggingarstað hefur smám saman orðið sterkur áhrifavaldur. Í tillögunni að Ráðhúsi Reykjavíkur frá 1987 má finna ýmis atriði sem eiga skýrar rætur í hugmyndaheimi AA-skólans: hugmyndir um gagnsæja burðargrind er virðist svífa yfir fljótandi yfirborði Tjarnarinnar, vísanir í vængi flugvéla í aðflugi og margþættur sameikur vatnsflatar og byggingar. Viðteknum, sigildum fyrirmyndum um formgerð og rýmislega uppbyggingu ráðhúss er hafnað og í staðinn sett fram nýstárleg hugmynd um opinbera byggingu á Íslandi sem stað þar sem borgin og náttúran mætast. Fátt er um beinar táknrænar skirskotningar í byggingunni, utan þess að merki Reykjavíkur, löðréttar súlur andspenjis gáróttum vatnsfleti, varð höfundum



STUDIO Granda: Viðbygging við tískuverslun Eva-Company, Laugavegi 42 (1994).

augljóslega tilefni innblásturs. Þá er slétt, hrá steinsteypa í burðargrind og útveggjum byggingarinnar hljóðlátur vitnisburður um þá byggingaraðferð, sem mest hefur mótað ástand hinnar norðlægu höfuðborgar á þessari öld.

Ráðhúsbyggingin er að vissu marki ögrandi í umhverfi sínu, ekki er gerð tilraun til að fella form hennar og mælikvarða að yfirbragði timburhúsa-byggingarinnar við Tjörnina. Hugsunin er sú að gamalt og nýtt geti vel búið saman sem skýrar andstæður, sem og að eyðing og endurnýjun séu eðlilegir þættir í skipulagi borga, líkt og í hverju öðru lífrænu vistkerfi. Ekki

eru allir sammála slíkum samflkingum, en afstaða höfundanna virðist skýr hvað þetta varðar. Í þessu sambandi er þó nauðsynlegt að gera greinarmun á tvennu. Annars vegar þeirri skipulagsákvörðun að reisa byggingu af þessari stærð við Tjörnina. Hins vegar hugmyndafræðilegum forsendum þeirrar samkeppnistillögu, sem valin var af dómnefnd til útfærslu. Sú háværa gagnrýni sem fram kom vegna byggingar ráðhússins og rætur á í réttmætum sjónarmiðum byggðaverndar beindist í eðli sínu að fyrrnefnda atriðinu. Hún hefur þó að nokkru leyti haft mótagandi áhrif á afstöðu fólks til verka Studio Granda,

Byltingararkennndur Beethoven

SEINT á síðasta ári kom út ný heildarútgáfa af sínfónum Beethovens undir stjórn Johns Eliots Gardiners. Víst eru það ekki tíðindi í sjálfu sér að gefin sé út slík heildarútgáfa, þær eru sennilega eitthvað á þriðja tug fánlegar í dag, en útgáfa Gardiners vekur ekki síst athygli fyrir þá sök að hún byggist á nýlegum rannsóknum á frumhandritum Beethovens og fjölmargar breytingar gerðar.

Heildarútgáfur á sínfónum Beethovens eru líklega á þriðja tug og óteljandi diskar eru til þar sem finna má einhverja sínfónianna. Þrátt fyrir vinsældirnar eru útgáfurnar nánast allar meira og minna gallaðar og frábrugðnar því er Beethoven upphaflega skrifaði að mati Gardiners. Hann, og fleiri taka undir, bendir á að sú útgáfa sem flestir styðjast við, Breitkopf-útgáfan, sem kom út á árunum 1862 til 1864, sé gölluð að mörgu leyti; í henni séu fjölmargar villur, skrifarar hafi misskilið taktmerkingar, í sumar sínfónurnar vanta jafnvel nokkrar hendingar og áherslumerkingar séu ekki réttar.

Framför í flutningi

Á síðustu áratugum hefur orðið gríðarleg framför í flutningi á tónlist frá átjándu og níttjándu öld, eftir því sem menn hafa nýtt hljóðfæri áþekkt þeim sem þá voru notuð. Nútíma

Rannsóknum á verkum Beethovens hefur fleygt fram undanfarin misseri og á síðasta ári vakti mikla athygli ný heildarútgáfa á sínfónunum níu. Árni Matthíasson kynnti sér á hvern hátt þær eru frábrugðnar fyrri útgáfum.

strengja-, ásláttar- og blásturshljóðfæri eru allmikið breytt frá því sem tíðkaðist þá; strengiahljóðfæri með stálstrengi og eflða boga, ásláttarhljóðfæri með gerviefnisskinn og treystan bol og blásturshljóðfæri með fleiri loka og breiðari hljómi. Vissulega eru þetta allt framfarir, en þær sem lengst ganga vilja meina að þessar breytingar verði til þess að ætlu tónskáldsins náist ekki fram, því þegar allar þessar smábreytingar leggjast á eitt verður samhljómur annar og smáatriði glattist. John Eliot Gardiner stofnaði hljómsveit sína Orchestre Révolutionnaire et Romantique 1990 til að leika og taka upp níttjándu aldar tónlist á samtímahljóðfæri. Hljómsveitin er skipuð frábærum tónlistarmönnum og upptökur með henni hafa verið verðlaunaðar víða. Hluti af brautryðjendastarfi Gardiners með hljómsveitinni er að byggja upptökur á sem upprunalegustu handriti til að tryggja að vilji tónskáldsins nái fram.

Þessi afstaða rekst að sönnu nokkuð á þá skoðun að það sé stjórnandans að túlka verkið og sumir, þar á meðal tónskáldi Ferruccio Busoni, héldu því fram að nótur tónverks væru ekki annað en óskýr skuggi guðlegs innblásturs sem stjórnandinn eða flytjandinn ætti að leita uppi.

Fjölmargar villur


Ýmisleg vandkvæði eru á því að leita uppi frumtexta Beethovens, meðal annars vegna vinnuaförða hans. Mozart til að mynda var afskaplega mikið snyrtimenni í tónsmíðum sínum og handrit hans til fyrirmyndar um frágang og læsileik svo að skrifarar áttu hægt með að skrifa þau upp. Fyrir vikið snúast vangaveitur um frumtexta hans og fyrirætlanir yfirleitt um smáatriði. Fyrir Beethoven voru tónsmíðar aftur á móti þrotlaus vinna og eftir því sem hann þróaði tónmál sitt urðu skissur og uppköst flóknari og fyrirferðarmeiri, en eftir

hann liggja líklega um átta þúsund skissur og mikið verk óunnið við að greina þær og skýra.

Til að byrja með voru handrit Beethovens skýr og auðlæsileg og send beint til leturgrafara sem bjó til frumgerð þeirra og síðar var fjölfölduð. Eftir því sem verkin urðu flóknari og heyrnarleysi hans ágerðist urðu handritin og ógreinilegri. Það varð því að kalla til skrifara sem hreinskrifuðu þau fyrir frumgerðina. Það bauð eðlilega þeirri hættu heim að allskyns villur slæddust inn og rannsóknir hafa sýnt að ekki voru allar villur leiðréttar eftir óskum tónskáldsins, þar á meðal fjölmargar villur sem fræðingar segjast hafa fundið í nútímahandritum af sínfóniunum.

Ólæsileg rissblöð

Framan af lét Beethoven sér nægja að skrifa á laus blöð og þegar hann fluttist til Vínar 1792 hafði hann með sér mikið safn af slíkum blöðum. Eftir því sem hann þroskaðist sem tónskáld fannst honum sem hann þyrfti að koma meira lagi á skissurnar og þegar hann hóf vinnu við fyrstu strengjaktartetta sína hafði hann komið sér upp rissbókum, sem einungis voru ætlaðar fyrir verk í smíðum eða hugmyndir til síðari nota og dugði sú lausn vel til að mynda við smíði þriðju sínfónunnar, Eroica. Beethoven hafði fyrir sið að ganga



John Eliot Gardiner



Beethoven

úti sér til heilsuþótar og til að velta fyrir sér hugmyndum. Þær skrifaði hann síðan niður þegar heim var komið, og þótti illt ef hann gleymdi einhverju stefi eða úrlausn á heimleiðinni. Næsta skref var því að fá sér vasabækur til að skrifa í og upp frá því vann hann ýmist á laus blöð, í stórar rissbækur eða vasabækur.

Rissblöð og -bækur Beethovens voru lengi vel álitin ólæsileg, enda oft erfitt eða ógerningur að greina hvaða stef tilheyrði hvaða verki, því víða mátti finna hluta og hugmyndir úr mörgum verkum á sömu síðunni. Það var ekki fyrr en í lok níttjándu aldar að þýska fræðimanninum Gustav Nuttebohm tókst að ráða hluta gátunnar, en enn er mikið verk óunnið. Fram að því gengu blöð úr rissbókunum kaupum og sölum sem minjagripir; síður rifnar úr bókunum og blöðum jafnvel skipt í nokkra hluta